

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2022 (til 2024)¹

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 3. febrúar 2022

Heiti verkefnisins	Sjálfbær ferðapjónusta á norðurlandi										
Númer verkefnis ²	2022-05										
Markmið	<p>Markmið þessa verkefnis er að kortleggja núverandi stöðu ferðapjónustunnar á Norðurlandi þegar kemur að sjálfbærni. Þetta er stórt verkefni sem hugsað er til framtíðar. Ef starfsemi á að vera sjálfbær þá þarf að halda vel utan um það í rekstri um alla framtíð. Lögð verður áhersla á samfélagslega, umhverfislega og efnahagslega þætti. Sjálfbærni næst ekki nema með því að taka alla þessa þætti með í reikninginn.</p> <p>Í þessu fyrsta skrefi þá verður meðal annars gerð SWOT greining og farið í gegnum þær sjálfbærnivottanir sem til eru (meðal annars Vakann). Einnig verður kannað hvar við stöndum í samræmi við heimsmarkmiðin sem Sameinuðupjóðirnar settu fram og markmiðum sem fram koma í 2030 áætlun stjórnvalda á vefsíðu Stjórnarráðsins. Einnig verða tekin viðtöl við fólk í ferðageiranum, menntastofnanir og fólk við stjórnvölin, til dæmis sveitastjórnir og sérfræðinga innan ferðapjónustunnar (t.d. fulltrúa frá SAF, SSNE, Ferðamálastofu og Íslandsstofu). Búið er að bóka þetta fólk í viðtal um málefnið.</p> <p>Í lok þessa fyrsta hluta verkefnisins á að vera til kortlagning á núverandi stöðu, framtíðarsýn á sjálfbærni í ferðapjónustu á Norðurlandi og greiningar á því hvar eru glufur til nýsköpunar og verkefni til uppbyggingar áfangastaðarins.</p> <p>Í þessari töflu er hægt að sjá þau markmið sem lögð verður áhersla á í sjálfbærnivinnu Markaðsstofu Norðurlands:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>PURPOSE</th> <th>PRODUCTS</th> <th>PEOPLE & PLACE</th> <th>POSITIONING & PROSPERITY</th> <th>PARTNERSHIP</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>creating common values, vision and mission among key stakeholders to develop a long-term sustainability and business strategy</td> <td>developing sustainable products in accordance with the project goals, and by doing so commercialising sustainability for VNI partners (ROI) by differentiation</td> <td>ensuring local participation in shaping how tourism should look like and what tourists should bring to NI and how NI can be protected (nature and culture)</td> <td>increasing the value and competitiveness of NI and positioning NI as the most sustainable region of Iceland before 2024</td> <td>together telling success stories and multiplying impact (via sales channels, TOs, OTAs, other sustainable companies, etc.)</td> </tr> </tbody> </table>	PURPOSE	PRODUCTS	PEOPLE & PLACE	POSITIONING & PROSPERITY	PARTNERSHIP	creating common values, vision and mission among key stakeholders to develop a long-term sustainability and business strategy	developing sustainable products in accordance with the project goals, and by doing so commercialising sustainability for VNI partners (ROI) by differentiation	ensuring local participation in shaping how tourism should look like and what tourists should bring to NI and how NI can be protected (nature and culture)	increasing the value and competitiveness of NI and positioning NI as the most sustainable region of Iceland before 2024	together telling success stories and multiplying impact (via sales channels, TOs, OTAs, other sustainable companies, etc.)
PURPOSE	PRODUCTS	PEOPLE & PLACE	POSITIONING & PROSPERITY	PARTNERSHIP							
creating common values, vision and mission among key stakeholders to develop a long-term sustainability and business strategy	developing sustainable products in accordance with the project goals, and by doing so commercialising sustainability for VNI partners (ROI) by differentiation	ensuring local participation in shaping how tourism should look like and what tourists should bring to NI and how NI can be protected (nature and culture)	increasing the value and competitiveness of NI and positioning NI as the most sustainable region of Iceland before 2024	together telling success stories and multiplying impact (via sales channels, TOs, OTAs, other sustainable companies, etc.)							
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Mikilvægt er að ráðast í verkefni um sjálfbæra ferðapjónustu þar sem sjálfbærni er í auknum mæli að verða leiðarljós í allri þróun ferðapjónustu í framtíðinni. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út heimsmarkmið um sjálfbæra þróun sem undirstrikar þetta mikilvægi. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök ferðapjónustunnar hafa einnig sett fram þá stefnu að Ísland og íslensk ferðapjónusta eigi að vera leiðandi í sjálfbærri þróun. Þessi ferðamálastefna var unnin árið 2019 og gildir út 2030. Markmið stefnunnar</p>										

¹ Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.

er að skapa arðsama og samkeppnishæfa ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð (Stjórnarráðið, 2019). Í stefnunni er lögð áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða til að auka straum ferðamanna allt árið í kring ásamt því að vera með sterkar áherslu á að vernda umhverfið (Stjórnarráðið, 2019). Markaðsstofa Norðurlands hefur fundið fyrir auknum fyrirspurninum eftir sjálfbærum áfangastöðum á ráðstefnum og vinnustofum sérstaklega frá erlendum aðilum. Þeir vilja vita hvernig sjálfbærni málum sé háttað á Norðurlandi. Hvað verið sé að gera í dag í átt að frekari sjálfbærni og hvert sé stefnt. Í framtíðinni má búast við að skýr svör við slíkum fyrirspurnum verði forsenda þess að viðkomandi söluaðilar séu tilbúnir að mæla með og selja áfangastaðinn til sinna viðskiptavina.

Eins og staðan er í dag er erfitt að svara þessum spurningum. Mikilvægt er að greina stöðuna og hafa skýr markmið í alþjóðlegu samhengi.

Áfangastaðurinn getur gert ýmislegt til að auka sjálfbærni. Til dæmis með því að nýta mannauðinn, finna nýjar leiðir til þess að bæta landbúnaðinn, orkunýtingu og vernda náttúruna og vatnið. Ferðaþjónustan fjölbreytt og í raun margir geirar sem falla innan hennar. Undir ferðaþjónustu falla til dæmis ferðaskrifstofur, hvalaskoðurnarfyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki sem eru með ferðir, bílaleigur, veitingastaðir, hótél og gististaðir. Þessir staðir eru með mjög ólíkan rekstur og vinna því að sjálfbærni með mismunandi hætti. Sum hver markvisst, önnur ómarkvisst og sum jafnvel ómeðvitað.

Tilgangurinn með verkefninu er einmitt að greina núverandi stöðu til þess að sjá hvar við stöndum, móta stefnu fyrir sjálfbærari ferðaþjónustu og gera tillögu að fyrstu skrefum í þá átt. Öll fyrirtæki sem eru í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands er boðið að taka þátt í verkefninu.

Dæmi um skref sem hægt væri að taka væri að auka vitund ferðaþjónustufyrirtækja um mikilvægi þess að hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Hjálpa þeim að átta sig á því hvað þau eru að gera í dag og leiðbeina þeim til þess að setja sér sín eigin markmið í takt við heildarstefnuna.

Markmið verkefnisins eru þess vegna að kortleggja núverandi stöðu og þróa framtíðarstefnu fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu á Norðurlandi og hvernig við getum dregið það fram.

Þau gögn er hægt að nýta beint og óbeint í allri markaðssetningu og munu til framtíðar styrkja til muna samkeppnishæfni áfangastaðarins.

Í þeim tilgangi að fylgja eftir þessari stefnu þá hefur Markaðsstofa skipt ferlinu niður í fjóra þætti og þeir eru eftirfarandi:

- Þróun stefnumótunarflæðis.
- Þróun áfangastaðar – Þessi hluti er unninn í samvinnu við ferðaþjónustuaðilana og sveitarfélögin á svæðinu. Styrkleikar og veikleikar svæðisins verða greindir og uppbyggingarmöguleikar svæðisins verða kortlagðir.
- Kortlagning hagsmunaaðila – Útbúið verður yfirlit yfir ferðaþjónustufyrirtæki og hagsmunaaðila sem hafa áhuga á að taka þátt í innleiðingu á sjálfbærninni.

	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnustofur og vöruþróun – Haldnar verða vinnustofur með þeim ferðaþjónustufyrirtækjum sem hafa áhuga á því að taka þátt í verkefninu og aðstoðað við vöruþróun á svæðinu. <p>Mótuð verður stefna og aðgerðir um sjálfbæra ferðaþjónustu á Norðurlandi í samræmi við stefnu stjórnvalda. Verkefnið mun taka nokkur misseri og verður aðlagð að vinnu Menningar- og viðskiptaráðuneytis varðandi aðgerðaráætlun um sjálfbæra ferðaþjónustu og verkefnið verður unnið samhliða.</p> <p>Keypt verður sérfræðiráðgjöf við vinnslu verkefnisins.</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Norðurlands
Samstarfsaðilar	Ferðaþjónustufyrirtæki og hagsmunaaðilar
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Með þessari greiningu sjáum við hvar vöntun er á þjónustu og finnum frekari tækifæri til uppbyggingar áfangstaðarins á Norðurlandi eystra. Einn mikilvægur liður í að þróa sjálfbæran áfangastað er að passa upp á náttúruna en jafnframt að auka straum ferðamanna. Þetta er best gert með því að bæta aðkomu og aðgengi að helstu stoppistöðum ferðamanna og er það atvinnuskapandi. Eins mun áætlunin sýna framá hvar eru glufur í vörum og þjónustu og býður það upp á tækifæri til nýsköpunar. Náttúruvernd, nýsköpun og atvinnuþróun er allt partur af sóknaráætlun Norðurlands eystra.</p> <p>Eitt af þeim atriðum sem sérstaklega eru talin upp fyrir hagsmunagæslu og hlutverk SSNE er að tryggja viðvarandi umræðu og upplýsingagjöf vegna opinberrar stefnu í atvinnu-, menningar- og umhverfismálum og rýmar þetta verkefni vel það atriði.</p> <p>Undir Menningarkafla Sóknaráætlunar er talað að efla menningartengda ferðaþjónustu, sérstaklega utan háannatíma og fellur verkefnið vel að því markmiði.</p> <p>Einn af lykilþáttum Sóknaráætlunar snúa að umhverfismálum og má þar nefna að efla staðbundna þekkingu á svæðinu í umhverfismálum sem unnið verður markvisst að með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu.</p>
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Verkefnið er byggt á 2030 markmiðum Sameinuðuþjóðanna sem og Íslands. Stefna Markaðsstofu Norðurlands er að Norðurland standi framarlega þegar kemur að sjálfbærni. Markaðsstofa Norðurlands er í góðu og reglulegu samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna og vonast til að verkefnið geti nýst fleirum í framhaldinu. Þetta mun auka vinsældir áfangstaðarins þegar kemur að ferðaþjónstu. Með auknum greiningum þá verður skýrara hvar glufur eru í þjónustu og vöruframboði sem gefur tækifæri til nýsköpunar og mun auka atvinnuþróun á svæðinu.</p> <p>Til að nefna bein tengsl við heimsmarkmiðin má nefna 4.7: Eigið síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum,</p>

	<p>kynjajafnrétti, alheimsvitun, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.</p> <p>12.2: Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.</p> <p>17.7: Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrími.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Fjöldi þeirra ferðaþjónustufyrirtækja og hagsmunaaðila sem hafa áhuga á að taka þátt í innleiðingu á sjálfbærni.</p> <p>Fjöldi vinnustofa.</p> <p>Að samningur náist við alþjóðlega ferðaskrifstofu fyrir markhópin sem leitar í sjálfbær ferðalög.</p>
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<p>Með því að þróa stefnu um sjálfbæra og ábyrga ferðaþjónustu skapast þekking um það hvernig best er að byggja áfangastaðinn upp til að ná þessum markmiðum. Ef vel tekst til við það að byggja upp áfangastaðinn þá skapast við það fleiri störf á svæðinu. Markmið er að vera komin með tilbúna innleiðingaráætlun fyrir sjálfbærni á svæðinu innan samningstímans og að fá alþjóðlega ferðaskrifstofu til þess að hefja sölu á vöru á svæðinu innan 12 mánaða sem höfðar til markhóps sem leitar í sjálfbær ferðalög.</p>
Upphaf og lok verkefnis	<p>Framkvæmd verkefnis 11. nóvember 2021 – 1. nóvember 2022</p> <p>Að fá alþjóðlega ferðaskrifstofu til þess að hefja sölu á vöru á svæðinu fyrir markhópin fyrir árslok 2022.</p>
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	4.325.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.170.000
Mótframlag (ef við á)	<p>Eigið framlag 2.000.000</p> <p>Staðfestur styrkur frá Uppbyggingarsjóð SSNV 1.170.000 kr</p>
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	<p>Við skipulagningu á verkefninu er stuðst við Sjálfbærnistefnu ferðaþjónustunnar til ársins 2030 sem sett var árið 2019 og finna má á vef Stjórnarráðsins og 2030 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þetta er ekki einungis íslenskt áttaksverkefni heldur alþjóðlegt. Samband sveitarfélaga og Samtök ferðaþjónustunnar settu fram þá stefnu að Ísland og íslensk ferðaþjónusta eigi að vera leiðandi í sjálfbærri þróun. Markmið stefnunnar er að skapa arðsama og samkeppnishæfa ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð. (Stjórnarráðið, 2019) Í stefnunni er lögð aukin áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða til þess að auka straum ferðamanna allt árið í kring en þó með sterkar áherslu á því að vernda umhverfið (Stjórnarráðið, 2019). Markaðsstofa Norðurlands vill að Norðurland verði framarlega í innleiðingu stefnunar. Markaðsstofa Norðurlands er í góðu og reglulegu samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna og vonast til þess að verkefnið geti nýst fleirum í framhaldinu. Markaðsstofan hefur tekið eftir stóruáttinni eftirspurn eftir áherslu á sjálfbærni frá ferðaskrifstofum héraðs og erlendis. Þetta málefni er það grundvallar atriði fyrir að viðhalda vinsældum ferðamannastaðar sem og mikilvægt fyrir almenn lífsskilyrði og góðan heim til framtíðar.</p>

	<p>Með aukinni sjálfbærni í landsfjórðungnum þá höfðum við til nýrra markhópa ferðamanna og höfum fleiri tól í höndunum til þess að kynna Norðurland og styrkjum stöðu okkar við að sækja inn á B2B markaðinn innan ferðageirans. Markaðsstofa Norðurlands hefur verið í samskiptum við þó nokkrar ferðaskrifstofur sem hafa sett þau skilyrði að þau munu einungis bjóða upp á ferðir til Norðurlands ef að áfangastaðurinn er sjálfbær. Við teljum að þetta sé krafa sem fleiri og fleiri aðilar munu gera í framtíðinni og því er til mikils að vinna með því að gera Norðurland eystra að sjálfbærum áfangastað. Þessi stefna býður einnig uppá að auka vöruframboð sem og nýsköpunarmöguleika innan ferðapjónustunnar.</p>
--	---